

Verðhækkun sauðfjárafurða

Í meðfylgjandi töflu er verðskrá sauðfjárafurða hjá Norðlenska fyrir haustið 2007. Verðskrá Norðlenska tekur mið af verðskrá Landssamtaka sauðfjárbænda, en nokkrir flokkar eru þó hærri hjá Norðlenska. Vegið meðaltal hækkana einstakra flokka frá verðskrá í ágúst 2006 er milli 5 og 6%, til samanburðar má nefna að verðbólga síðustu 12 mánaða samkvæmt lánsklaravísitölu er um 4%.

Verðin eru án vsk og greiðslur fyrir gærur og innmat eru innifaldar.

Norðlenska mun breyta verðskrá sinni ef þörf þykir til þess að greiða samþættingu verð og aðrir stórir slátuleyfishafar.

Fyrir innlegg í forslátrun, sem er í ágúst, er greitt föstudag í viku eftir innlegg.

Innlegg í september verður greitt að fullu 10. október. Innlegg í október verður greitt að fullu fimm dögum eftir að sláturtíð lýkur.

Skipulag slátrunar og skil sláturfjárloforða

Á Húsavík verður slátrað 15. ágúst og er enn svigrúm fyrir aukna slátrun þann dag. Haustslátrun hefst síðan þar 29. ágúst og slátrað verður samkvæmt hefðbundinni niðurröðun frá 3. september.

Á Höfn í Hornafirði er stefnt að slátrun einn dag í viku frá verslunarmannahelgi þar til hin eiginlega sláturtíð á Höfn hefst 18. september.

Norðlenska óskar eftir að þeir bændur sem ekki hafa þegar sent inn sláturfjárloforð sendi þau eins fljótt og auðið er, en þar til gert eyðublað fylgir þessu fréttabréfi. Einnig er unnt að nálgast eyðublaðið á heimasíðu Norðlenska – www.nordlenska.is undir Bændur/Eyðublað. Hægt er að prenta eyðublaðið út af vefnum og senda sláturfjárloforð til Norðlenska í pósti eða á faxi, faxnúmer á Húsavík er 460 8881, en á Höfn 460 8871. Einnig er auðvelt að senda gögnin rafrænt gegnum vefinn.

Forsenda fyrir að unnt sé að setja upp trausta áætlun um haustslátrun er að sláturfjárloforðin skili sér frá bændum. Vert er að taka fram að óskað er sláturfjárloforða jafnt frá félagsmönnum Búsældar og öðrum innleggjendum.

Slátrun á fullorönu fé

Vegna breyttrar áherslu í úrbeiningu í komandi sláturtíð getur Norðlenska tekið við meiru af fullorönu fé með dilaðslátruninni, en svigrúm til vinnslu er nú meira en áður þar sem vinnslulínan er ekki bundin Ameríkumarkaði.

Nýting kjötsins er best og vinnslu- og geymslukostnaður í lágmarki ef unnt er að vinna kjötið án frystingar. Því óskar Norðlenska eftir að fá hluta af fulloröna fénu til Húsavíkur með sláturdilkum að höfðu samráði við réttarstjóra og flutningsaðila.

Athygli bænda er vakin á þeim mikla verðmun sem er á FR3 og FR4 og minnt á að geldar ær fitna hratt á haustin.

Flutningar á sláturfé

Norðlenska mun annast flutning að sláturhúsi nema um annað sé samið. Þrjú aðilar munu annast flutning sláturfjár fyrir Norðlenska í haust; Reynir B. Ingvason í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Sigurður Jónsson á Austurlandi og Flytjandi á starfssvæði sláturhúss Norðlenska á Höfn.

Óski bændur að flytja fé sitt sjálfir að sláturhúsi er Norðlenska reiðubúið til samninga þar um.

Verðlagning 2007 (verð án vsk.)						
Fituflokkar						
Holdfylling	1	2	3	3+	4	5
DE	401	401	386	347	264	246
DU	396	396	382	347	262	241
DR	368	379	356	300	241	234
DO	324	366	316	290	235	232
DP	289	289	265	265	216	209
VP	209					
VR			291		250	
VHR			64		52	
VHP	52					
FP	42					
FR			105		48	

Birt með fyrirvara um prentvillur

Álagsgreiðslur og útflutningur 2007 (verð án vsk.)				
Álag er greitt á eftirtalda flokka: E-U-R-O 1-2-3.				
	Greiðsla Markaðsráðs pr/dilk	Sumarálág Norðlenska kr/kg	Greiðsla útl. kjöts kr/kg	Útflutningshlutfall
13. ágúst - 17. ágúst	1.100	40	237	10%
20. ágúst - 24. ágúst	800	32	237	10%
27. ágúst - 31. ágúst	500	25	237	10%
3. sept. - 7. sept.	200	35	237	10%
10. sept. - 14. sept.		12	237	16%
17. sept. - 9. nóv.			237	16%

Birt með fyrirvara um prentvillur

Rekstur Norðlenska samkvæmt áætlun

Nú er unnið að rekstraruppgjöri Norðlenska fyrir fyrrihluta ársins 2007. Endurskoðað uppgjör mun liggja fyrir í lok ágúst.

Fyrir liggur að reksturinn er samkvæmt áætlun og í góðu jafnvægi. Nokkur veltuaukning hefur náðst frá sömu mánuðum síðasta árs, en skortur á svína- og

nautakjöti hefur þó takmarkað svigrúm til veltuaukningar. Góðviðri sumarsins hafa styrkt grillvörumarkaðinn og sala á kjöti á grill verið mikil.

Endurfjármögnum fyrirtækisins lauk í maí og náðist verlega breytt fjármagnsfyrirgreiðsla sem bætir rekstur og tryggir skilvísna greiðslu afurða.

Samkeppni snýst um vöruþróun

Í eðli sérhvers manns býr bæði forvitni og nýjungagirni og á þeirri staðreynd byggir markaðssetning í vaxandi mæli. Samkeppni á markaði er því að stórum hluta samkeppni um að vera á undan öðrum í vöruþróun og vera fyrstur með nýjungar á markað. Norðenska er mjög meðvitað um þessar staðreyndir og því var í nýlegri stefnumörkun félagsins lögð aukin áherslu á vöruþróun.

Ákveðið var að starf vöruþróunarstjóra yrði framvegis fullt starf og til starfsins ráðinn Sigurgeir Höskuldsson, sem áður hafði starfað að vöruþróun og gæðamálum hjá Norðenska og forverum þess. Fréttabréfið spjallaði við Sigurgeir í tэлеfni þessa.

Sigurgeir er fæddur á Húsavík í sláturtíð 1968 (þegar nýja sláturhúsið var tekið í notkun). Foreldrar hans eru Hólmfríður J. Hannesdóttir frá Staðarhóli í Aðaldal og Höskuldur A. Sigurgeirsson (í Fífu) frá Húsavík. Maki Sigurgeirs er Kristjana Ríkey Magnúsdóttir grunnskólakennari úr Kópavogi og eiga þau þrjú börn.

Sigurgeir tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð eftir hefðbundið grunnnám á Húsavík. Hann lauk

BSc námi í matvælafræði frá Háskóla Íslands 1994 og útskrifaðist með MSc próf í matvælafræðum úr alþjóðlegu framhaldsnámi 1997.

Sigurgeir sagði starf sitt snúast um að stýra vöruþróunarferlum fyrirtækisins, ekki síst með því að leiða saman mismunandi einstaklinga og hugmyndir, vinna úr þeim og fylgja þeim eftir á markað. Hann heldur einnig utan um allar uppskriftir Norðenska og ber ábyrgð á breytingum á þeim.

Sem dæmi um vel heppnaða vöruþróun nefndi hann að í vor hefðu verið gerðar miklar breytingar á grillvörum fyrirtækisins. Hætt var að mestu þurrkryddun kjötsins en í stað þess tekin upp mildari marinerung með mun minni notkun salts og krydds. Þessari breytingu hefur verið vel tekið af neytendum og mikil söluaukning orðið í kjöti á grillið.

Þá hefur Sigurgeir unnið að þróun nýrrar "sælkeradeildar" hjá Norðenska, sem sinnir kjötborðum og mótuneytum og framleiðir vörur sem krefjast meira handverks. Viðtökur hafa verið góðar og fyrirhugað er að efla þessa deild.

Menntun Sigurgeirs opnar honum aðgang að alþjóðlegu rannsóknar- og þró-



Sigurgeir Höskuldsson, vöruþróunarstjóri Norðenska.

unarstafi en núna vinnur hann að stóru Evrópuverkefni með Matis, rannsóknarstofnun á Spáni og fleirum. Verkefnið gengur út á að minnka saltinnihald vöru án þess að skerða gæði vörunnar né breyta eiginleikum hennar.

Aðspurður um framtíðarsýn varðandi vöruþróun og vinnslu Norðenska kvaðst Sigurgeir sjá fyrir sér frekari meðhöndlun vörunnar og Norðenska yrði í raun meiri þátttakandi í eldamennsku fjölskyldunnar.

Horfur á kjötmarkaði

Bændasamtök Íslands hafa látið vinna framleiðslu og verðspá fyrir íslenska kjötmarkaðinn. Spáin byggir á reynslu undanfarinna ára varðandi verð og framleiðsluveiflur en einnig á nýjustu tölum um búfjárfjölda. Markmið með slíkri spá er að reyna að sjá fyrir breytingar á framleiðslumagnni einstakra kjöttegunda og verðþróun, þannig að unnt sé að nýta markaðinn sem best. Full þörf virðist á að bregðast við líkum á skorti á einstökum

tegundum með fylgjandi innflutningskröfum, líkt og verið hefur varðandi nautakjöt á undanförunum árum og minnka hættu á verðhruni vegna offramboðs svo sem varð í svína- og kjúklingakjöti á fyrstu árum þessarar aldar.

Í meðfylgjandi töflu er spá um þróun heildarframleiðslu ásamt stuttum skýringum höfunda sem eru Erna Bjarnadóttir og Daði Már Kristófersson. Skýringar þeirra eru skáletraðar hér að neðan.

Þróun heildarframleiðslu, á komandi árum.				
	Kindakjöt	Nautakjöt	Svínakjöt	Kjúklingakjöt
2005	8.738	3.540	5.300	5.769
2006	8.575	3.199	5.685	6.442
2007	8.636	3.196	6.197	7.151
2008	8.763	3.228	6.940	8.223
2009	8.632	3.484	7.879	9.115
2010	8.450	3.631	8.440	9.330
2011	8.446	3.701	8.612	9.586

„Eins og sjá má gerir módelið ekki ráð fyrir neinum meiriháttar breytingum á þeirri þróun sem verið hefur á undanförunum árum hvað varðar framleiðslumagn. Framleiðsla kindakjöts dregst lítillega saman, framleiðsla nautakjöts eykst lítið eitt meðan mun mikillar framleiðsluaukningar er að vænta í svínakjöti og kjúklingum. Sjá má að verulega hægir á framleiðsluaukningu kjúklinga- og svínakjöts

árið 2009 í kjölfar verðlækkunar á markaðinum sem síðar veður rædd.“

Ljóst virðist að gangi sú mikla framleiðsluaukning sem spáð er eftir, samfara afnámi útflutningsskyldu kindakjöts, verða verulegir söluveruleikar og miklar verðlækkningar á kjötmarkaði. Slíkar sveiflur eru engum til góðs og nauðsynlegt að leita leiða til að draga úr þeim.

Starfsmenn í sauðfjárslátrun á Húsavík og Höfn

Norðenska leitar að duglegum og jákvæðum starfsmönnum í ýmis störf í sláturhúsi, mótuneyti og við þríf. Sauðfjárslátrun á Húsavík hefst 29. ágúst og stendur til loka október. Sauðfjárslátrun á Höfn hefst 18. september og stendur til loka október.

Æskileg þekking og hæfni: Reynsla af áþekktu starfi kostur. Samvirkusemi og vandvirkni. Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Rafræn umsóknareyðublað er að finna á heimasíðu Norðenska, www.nordenska.is.

Frekari upplýsingar veittar í síma 460 8850 eða netfang katrin@nordenska.is

Lyfjafjagjöf – lyfjaskráning

Með fréttabréfinu fylgir eyðublað þar sem framleiðendur skulu skrá upplýsingar um m.a. lyfjaskráningu og lyfjagjöf. Þessar upplýsingar eru mjög mikilvægar fyrir Norðenska og því eru framleiðendur beðnir að framvísa útfylltu eyðublaði með umbeðnum upplýsingum til bílstjóra þegar sláturfé verður sótt í haust. Hafi eyðublaðið glatast er unnt að nálgast nýtt inni á heimasíðu Norðenska eða í fjárflutningagabílunum.

Um útflutning dilkakjöts til USA

Norðenska og forverar þess í rekstri sláturhúss á Húsavík hafa á undanförunum árum í sláturtíð unnið dilkakjöt og flutt til USA. Umfang verkefnisins fór vaxandi allt til 2005 en þá voru flutt til USA nær 200 ígildistonn af dilkakjöti.

Á árinu 2006 var útflutningsskylda mjög lág og Norðenska hafði raunar ekki kjöt til þessa útflutnings, nema færa það frá öðrum arðbærari mörkuðum, en fyrir þrýsting var þó ákveðið að flytja út nokkurt magn haustið 2006.

Fjárhagslegt tap hefur verið af þessum útflutningi öll ár utan eitt, en þá voru aðstæður hagstæðar til útflutnings.

Hins vegar hefur áunnist mikil reynsla í skipulagningu og öguðum vinnubrögðum allt frá söfnun fjár til afhendingar kjötsins í verslanir Whole Foods. Sú reynsla hefur þó ekki verið án annmarka því mjög hefur reynt á starfsfólk Norðenska, ekki síst vegna dulbúinna innflutningshindrana Bandaríkjamanna, einnig hefur vinnslulínan á Húsavík verið upptekin af þessari vinnslu og því ekki notuð fyrir vinnslu á fersku lambakjöti fyrir innlandan markað.

Útflutningurinn sem hefur verið nokkuð í umræðunni hefur einnig án efa

verið góð markaðskynning innanlands og styrkt samkeppnisstöðu lambakjöts og einnig rutt braut fyrir aðrar búvörur í hillur Whole Foods.

Norðenska hefur eigi að síður sætt gagnrýni úr ýmsum áttum ekki síst eftir að ljóst var að þessi útflutningur skilaði ekki því sem vænst var.

Norðenska hefur lokið útflutningi vegna haustsins 2006 og raunar þegar flutt út áætlaða útflutningsskylda komandi hausts. Því var snemma vetrar ljóst að Norðenska er ekki aflgufært um dilkakjöt til USA á komandi hausti nema fórna öðrum og betri mörkuðum sem er óskynsamlegt nú þegar fyrir liggur að útflutningsskylda verður afnumin. Fregnir höfðu einnig borist um að fulltrúar Whole Foods gerðu að skilyrði fyrir frekari viðskiptum að Íslendingar hættu hvalveiðum.

Því ákvað Norðenska þegar í maí að flytja ekki kjöt til USA á komandi hausti, enda þá ekki talin vandkvæði á að aðrir sláturleyfishafar tækju verkefnið að sér. Nú hefur útflutningsskylda verið ákveðin lægri en búist var við og því enn síður möguleiki fyrir Norðenska að koma að verkefninu.

Heimtökukjöt

Í sláturtíðinni verður heimtaka kjöts með líku sniði og verið hefur. Bændur skulu taka allt sitt heimtökukjöt ferskt eða frosið innan þriggja daga frá slátrun á Húsavík og Höfn.

Á Akureyri og Egilsstöðum er kjöt afhent á fjórða degi eftir slátrun. Bændur geta fengið heimtökukjöt annað hvort ferskt eða frosið í heilum skrokkum eða frosið sjöpartasagað eða finsagað. Á Húsavík er kjötið afhent ferskt í sláturhúsi en frosið (sagað eða ósagað) í húsnæði Rækjuvinnslunnar á Húsavík (sími 840 8882).

Á Höfn er kjötið afhent í sláturhúsinu.

Á Akureyri geta bændur náð í heimtökukjöt á afgreiðslu Landflutninga á Fiskitanga (Togarabryggju) á hverjum virkum degi kl. 13-16. Hafið samband við Kristján Sigurðsson í síma 858 8939.

Á Egilsstöðum er kjötið einnig afhent í afgreiðslu Landflutninga. Hafið samband við Helga Kristinsson í síma 858 8831.

Teknar verða kr. 1.590 án vsk. fyrir slátrun pr. dilk í heimtöku innan heimtökuréttar, kr. 2.150 fyrir dilk utan heimtökuréttar og kr. 1.785 fyrir slátrun á fullorðnu. Ekki er greitt sérstaklega fyrir sjöpartasögun en kr. 335 pr. dilk fyrir finsögun.

Ástæða er til að undirstrika að óskir um heimtöku berist sláturhúsi á sérstöku eyðublaði eigi síðar en við komu fjárins í réttina. Á eyðublaðinu, sem sent er til bænda með þessu fréttabréfi, skal tilgreina hvernig kjötið skuli afhent - ferskt eða frosið - og þá hvernig sagað. Hafi eyðublaðið af einhverjum ástæðum glatast skal bent á að unnt er að nálgast það á heimasíðu Norðenska.

Reyna rafræn lambamerki

Bjarni og Ásthildur á Fornustekku í Hornafirði eru stærstu innleggjendur sauðfjárafurða hjá Norðenska. Þau hófu á líðnu vori notkun rafrænna lambamerkja með merkingu gemlingslambanna, alls um 250 lamba.

Merkin eru frá Vélaborg og kostuðu þau 212 kr/stk. Merkin eru með hefðbundnu raðnúmeri og bæjarnúmeri, en að auki með örflögu með númeri sem lesið er með sérstökum lesara. Bjarni og Ásthildur fjárfestu einnig í lófátölvu með lesara sem kostaði rúm 100 þúsund kr.

Merkin eru sett í með töng með hefðbundnum hætti og þá jafnframt lesin með lesaranum og skráð á móður. Lesarinn les síðan merkin þegar þörf krefur við fjárrag í haust.

Hjá Bændasamtökum Íslands er unnið að forritun lófátölvunnar fyrir skýrsluhaldið og þá verður unnt að skrá vigt beint á lófátölvuna sem flytur upplýsingar beint í gagnagrunn búans.

Í sláturhúsinu á Höfn verður aflestrarstafur sem beint er að lömbunum og les hann þá örmerkin og skrást þau sjálfvirkt í tölvu sláturhússins og tengjast fallþunga og flokkun lambsins.

Unnt á að vera að endurnýta örflöguna í sparnaðarskyni. Þá eru merkin tekin heim úr sláturhúsi og klippt sundur við örflög-

una og hún tekin úr með þrjóni. Hjá Vélaborg fást síðan lambamerki með hefðbundnum númerum og sæti fyrir örflöguna sem kosta um 30 kr/stk. Örflögunni er stungið í sætið og þannig fengið nýtt hefðbundið merki með örflögu.



Hafin er tilraun með rafræn lambamerki!

Framvísun fjár

Til að slátrun gangi sem greiðast fyrir sig er mikilvægt að innleggjendur eða fulltrúar þeirra framvísi fénu til slátrunar, ef kostur er.

Fjárbílar þurfa góða aðstöðu

Norðenska mælist til þess að innleggjendur hugi að aðstöðu sinni heima fyrir til að setja sláturfé á flutningabíla. Góð aðstaða tryggir í senn góða meðhöndlun á fénu og hraða þjónustu.

Frá Búsæld

Aðalfundur Búsældar var haldinn að Brúarási Fljótsdalsfélagi 19. apríl sl. Bein mæting á fundinn var ekki góð, en mættir hluthafar voru með verulegt magn umboða og því alls mætt fyrir um 35% hlutfjár.

Félagar í Búsæld eru nú um 530 og á félagið 39,45% hlutfjár í Norðlenska og eru skuldir félagsins þessa vegna um 160 milljónir króna. Á móti eru veltufjár-munir um 12 milljónir króna og hlutfé í Norðlenska að nafnverði 217 milljónir króna.

Stjórn félagsins var endurkjörin en hana skipa: Jón Benediktsson Auðnum formaður, Ingvi Stefánsson Teigi varaformaður, Geir Árdal Dæli ritari og meðstjórnendur Aðalsteinn Jónsson Klausturseli og Trausti Þórisson Hofsa. Varastjórn skipa: Þórarinn I. Pétursson Laufási, Sigurbjörn Snæþórsson Gilsárteigi, Gróa Jóhannsdóttir Hlíðarenda og Þorsteinn Sigjónsson Bjarnanesi.

Meginviðfangsefni stjórnenda Búsældar undanfarna mánuði hefur verið undirbúningur kaupna Búsældar á hlut KEA í Norðlenska samkvæmt hluthafasamkomulagi. Eftir viðræður við KEA var ákveðið að framkvæmt yrði mat á félaginu og var samkomulag um að

endurskoðunar fyrirtækið KPMG framkvæmi mat. Matsferli samkvæmt hluthafasamkomulaginu hófst í lok maí. Fulltrúar Búsældar lögðu fram greinargerð sína á fundi 5. júlí sl. og töluðu fyrir henni. KPMG skilaði drögum að matsskýrslu 20. júlí sl. og gaf skamman frest til athugasemda. Drögin gerðu ráð fyrir nokkru hærra gengi en stjórnendur Búsældar bjuggust við.

Fulltrúar Búsældar skiluðu KPMG athugasemdum 31. júlí. og var þeim fylgt eftir með viðræðufundi. Reikna má með að mat liggi fyrir um miðjan ágúst og verði það nálægt matsdrögum er óvíst að Búsæld ráði við að kaupa allt hlutfé KEA í Norðlenska. Þá mun verða leitað samstarfsaðila um eignarhald Norðlenska í samræmi við þá stefnu sem kynnt var á fundum með félagsmönnum á liðnum vetri.

Þótt mikil eignauking í Norðlenska torveldi kaup Búsældar á auknum hlut í félaginu eru vaxandi verðmæti þess eigi að síður ánægjuefni. Horfur eru á að verðmætamat hlutfjár verði nálægt genginu 2 og verði það raunin hefur það fé sem bændur hafa lagt til Búsældar skil að góðri ávöxtun.

Slátursala

Slátursala verður í sláturhúsum Norðlenska á Húsavík og Höfn frá 20. september til 12. október. Þess er vinsamlegast óskað að slátur verði pantað með góðum fyrirvara. Sími í slátursölu á Húsavík er 460 8897 og á Höfn 460 8870.

Innleggjendur fá slátur með 50% afslætti í slátursölu sláturhúsanna. Slátursala verður einnig í verslunum Samkaups Úrvals á Akureyri og á Egilsstöðum.

Niðurröðun sláturfjár

Niðurröðun sláturfjár verður með líku sniði og undanfarin ár á slátursvæði Norðlenska á Húsavík. Yfirumsjón með niðurröðun úr Eyjafirði og Þingeyjarsýslum hefur Halldór Sigurðsson á Sandhólum (sími 840 8895), sem jafnframt er réttarstjóri á Húsavík. Niðurröðun sláturfjár af Austurlandi annast Aðalsteinn Jónsson í Klausturseli. Símar hjá honum eru 471 1694, 471 1085 eða 895 1085. Á starfsvæði sláturhúss Norðlenska á Höfn annast Einar Karlsson, sláturhússtjóri (sími 840 8870), niðurröðun sláturfjár.

Útflutningsskylda dilkakjöts 2007

Bændasamtök Íslands hafa nú gert tillögu til landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu haustið 2007 og mun ráðherra staðfesta tillöguna óbreytta. Farið var að tillögum Markaðsráðs kindakjöts sem lagði til 10% útflutningsskyldu til 7. september, síðan 16% til 9. nóvember og aftur 10% eftir það.

Margir höfðu búist við hærri útflutningsskyldu og því hafði fréttabréfið samband við Þorstein Kristjánsson bónda á Jökulsá, sem er fulltrúi BÍ í Markaðsráði og situr í stjórn BÍ, og fékk hjá honum

þá áætlun um framleiðslu og sölu sem var grundvöllur tillögugerðarinnar. Í ljósi þeirra talna hefur síðan verið reynt að spá í þróun birgða og varð niðurstaðan sú sem sjá má í meðfylgjandi töflu (allar tölur í tonnnum dilkakjöts).

Athygli vekur hve stefnt virðist að mikilli birgðasöfnun, ekki síst í ljósi þess að æskilegt virðist að birgðir verði í lágmarki þegar útflutningsskylda verður afnumin.

Verulegur kostnaður fylgir einnig auknu birgðahaldi.

Birgðir 1.9.2006	405
Slátrun 2006	7765
Sala sept. 06 - ág. 07 áætl.	-6344
Rýrnun áætl.	-150
Útflutningsskylda 2006	-630

Birgðir 1.9.2007	1046
Slátrun 2007	7775
Sala sept. 07 - ág. 08	-6390
Rýrnun	-150
Útflsk. 2007. 16/10 af útf. 06	-1008
Birgðir 1.9.2008	1273

Símar hjá Norðlenska

Húsavík

Réttarstjóri	840 8895
Stöðvarstjóri	460 8888
Skrifstofa	460 8880
Fax	460 8881
Sauðfjárrétt	460 8895
Heimtökusögun	840 8882
Frysting	840 8896
Slátursala	460 8897
Mötuneyti	460 8887

Akureyri

Skrifstofa	460 8850
------------	----------

Höfn

Skrifstofa/Slátursala	460 8870
-----------------------	----------

Símar hjá bílstjórum

Eyjafjörður - Þingeyjarsýslur

Reynir B. Ingvason	464 3518 / 893 1018
Aðalsteinn Guðmundsson	464 1955 / 892 7276
Jónas Jónasson	862 3211
Benedikt Arnbjörnsson	862 7703
Árni Þorbergsson	893 9596

Austurland

Sigurður Jónsson	893 4480
Hilmar	899 4367
Björn	848 5141
Fjárnilar	855 2810 / 853 4480

Höfn

Flytjandi (Einar Karlsson veitir uppl. um símanúmer).

Plastið frá Frjó reynist vel

Búsæld/Norðlenska hófu á liðnu vori samstarf við SFG/Frjó m.a. með samningum um að félagsmenn Búsældar fengju plast og garn til heyverkunar frá Frjó á lægsta mögulegu verði. Sala á plastinu hefur gengið vel, en viðbrögð félagsmanna Búsældar hafa þó verið minni en búist var við.

Meðal þeirra sem notað hafa heyrullplastíð í sumar eru Þórarinn Pétursson í Laufási og Kristján Jósefsson verktaki í S.-Þing. Létu þeir vel af notkun plastsins, líming virðist góð, plastið jafnt, strekkist vel og það slitnar nánast ekki, en slit er oft vandamál, ekki síst í sambyggðum rúllu- og pökkunarvélum. Þá taldi Kristján plastið drýgra en annað plast sem munaði 1-1,5 heyrullum af hverju kefli.

Aðspurður um verð og afgreiðslu taldi Þórarinn verðið hafa verið það hagstæðasta á markaði í vor og afgreiðsla frá Landflutningum hefði gengið fljótt og vel.

Frjó á enn nokkuð af 75 cm breiðu plasti og virðist góður kostur fyrir félagsmenn Búsældar að reyna það við pökkun síðari sláttar og grænfóðurs, með framtíðarviðskipti í huga.